

Reglur um skólaakstur, frístunda- og fimleikaakstur

Sveitarfélag

Skólaakstur er skipulagður út frá tímaskipulagi grunnskólanna í sveitarfélaginu. Auk grunnskólanemenda geta fjögurra og fimm ára leikskólabörn og framhaldsskólanemendur upp að 18 ára nýtt sér skólaaksturinn.

Ekið er samkvæmt akstursáætlun sem unnin er í samræmi við kennsluskipan grunnskóla ár hvert.

Ekið er með grunnskólanemendur til og frá heimili þeirra í grunn- og leikskóla.

Farþegar/foreldrar/forráðamenn

Skólareglur, skv. 30. gr. laga nr. 91/2008 um grunnskóla, eiga við um framkomu og háttsemi nemenda í skólaakstri. Fara skal með brot á skólareglum skv. 14. gr. sömu laga.

Nemendur skulu vera tilbúnir til að fara upp í skólabílinn þegar hann kemur í hlað á morgnana og þegar að heimferð er komið.

Forðast skal að trufla bílstjórann á meðan á akstri stendur, nema nauðsyn beri til.

Ganga skal vel um bílinn og allt sem í honum er. Farþegar eiga að taka allar eigur sínar út úr bílnum eftir hverja ferð og henda rusli sem til fellur.

Neysla matar, sælgætis, gosdrykkja, tóbaks og áfengis og annarra vímuefna er óheimil í skólabílnum.

Sýna ber samferðafólki kurteisi og tillitssemi í skólabílnum.

Ef foreldrar/forráðamenn hafa áhuga á að senda barn sitt sem "gest" með skólabíl skal ræða þá fyrirætlan við skólabílstjóra og fá samþykki hans fyrir aukafarþega með eins dags fyrirvara.

Sé barn veikt eða komi ekki með skólabíl eru foreldrar/forráðamenn beðnir um að láta akstursaðila vita eins fljótt og hægt er.

Um leikskólabörn í skólaakstri.

Leikskólabörn skulu hafa náð fjögurra ára aldri til að geta nýtt akstur með skólabíl.

Leikskólabörn skulu sitja í viðurkenndum bílstólum á ferðum sínum í skólabíl. Bílstólarnir eru á ábyrgð foreldra/forráðamanna sem bera af þeim allan kostnað. Foreldri/forráðamaður fylgir leikskólabarni í bílinn og spennir það í stólinn.

Starfsmaður leikskóla tekur á móti börnunum við skólabílinn að morgni, fylgir þeim inn, hjálpar þeim úr og inn á sínar deildir.

Í lok skóladags sér starfsfólkið um að klæða leikskólabörnin og gera þau tilbúin fyrir heimferð, fara með þau út í skólabíl og festa í stólana sína.

Foreldrar/forráðamenn skulu sjálfir koma með barn/börn sín í leikskólann í upphafi hvernar viku og ná í það/þau í vikulok og taka þá allt sem barnið á að hafa með sér heim þann dag.

Foreldrar/forráðamenn sem nýta þjónustu skólabíls, geta sótt um akstursstyrk fyrir þær ferðir sem þeir aka sjálfir með börn sín í og úr leikskóla. Um akstursstyrk gilda „Reglur um akstur foreldra í dreifbýli með börn í leikskóla“ frá árinu 2011

<http://www.hornafjordur.is/media/reglur-og-samthykkir/Reglur-um-akstur-foreldra-i-dreifbyli-med-born-i-leikskola---2002-2011-.pdf>

Með samþykkt þessara reglna falla „Reglur um leikskólabörn í skólabílum“ frá 2014 úr gildi.

Samþykkt í fræðslu- og tómstundanefnd Hornafjarðar 21. ágúst 2019

Samþykkt í bæjarstjórn Sveitarfélagsins Hornafjarðar 11. september 2019.

Mathildur Ásmundardóttir
Bæjarstjóri